



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. apríl 2021

2103055SA KB/bg
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, 625. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 30. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, 625. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að það verði meginregla að stjórnvöld, þar á meðal sveitarfélög, sendi gögn til einstaklinga og lögaðila með rafrænum hætti í gegnum stafrænt pósthólf. Sú aðferð mun hafa sömu réttaráhrif og þegar gögn berast með bréfpósti eða með öðrum hætti.

Sambandið styður ofangreinda nálgun og að einstaklingar og lögaðilar geti nálgast samskipti sín við bæði ríki og sveitarfélög á einum stað. Mikilvægt er að markvisst og gott samráð sé átt við sambandið við útfærslu á stafrænu pósthólfi strax á upphafsstigum svo þarfir sveitarfélaga séu hafðar í huga við hönnun og útfærslu þess. Þannig er hægt að koma í veg fyrir dýrar breytingar síðar meir ef upphafleg hönnun nær ekki utan um hagsmuni sveitarfélaga.

Aðgangur forsjáraðila og foreldra sem ekki hafa forsjá barns

Í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins segir að forsjáraðilar barna skulu hafa aðgang að gögnum í pósthólfi þeirra fram til þess að þau ná 18 ára aldri nema annað leiði af sérákvæðum í lögum. Sambandið styður þá nálgun enda felast tækifæri í því að forsjáraðilar barna hafi aðgang að gögnum í stafrænu pósthólfi þegar forsjáraðilar deila ekki lögheimili.

Rétt þykir þó að vekja athygli á því að samkvæmt 2. mgr. 52. gr. barnalaga nr. 76/2003 hefur það foreldri sem ekki hefur forsjá barns rétt á að fá aðgang að skriflegum gögnum um barnið frá skólum og leikskólum. Hugsanlega þarf að hafa þetta í huga við hönnun kerfisins ef þangað berast skriflegar upplýsingar frá leik- og grunnskólum.

Kostnaður við rafræna rauðkenningu og yferráð yfir auðkenningarkerfi

Í greinargerð kemur fram að rafræn auðkenning er notendum að kostnaðarlausu. Að mati sambandsins er eðlilegt að þetta komi fram í lögunum sjálfum til að tryggja að notendur þurfi ekki að standa undir kostnaði við að eiga í samskiptum við stjórnvöld. Einnig er eðlilegt að ríkið hafi full yferráð yfir því auðkenningarkerfi er notað er við auðkenningu inn í stafrænt pósthólf.

Gildistaka

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að allir opinberir aðilar bjóði upp á stafrænar birtingar eigi síðar en 1. janúar 2025 og að ráðherra eigi að gefa út áætlun um stafræna birtingu af hálfu ríkisaðila og sveitarfélaga. Sambandið styður þá metnaðarfullu áætlun að innleiðingu verði lokið 1. janúar 2025 en vill þó setja þann fyrirvara á að ekki hefur verið gert kostnaðarmat í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga og því er óljóst hver kostnaður sveitarfélaga verður við slíka innleiðingu eða hver kostnaðarpátttaka ríkisins verður. Sveitarfélög eru mislangt á veg komin með innleiðingu rafrænna lausna og því er erfitt að meta hver raunkostnaður verður. Einnig eru sveitarfélög að mörgu leyti háð því að stafrænt Ísland hafi svigrúm í sinni starfsemi til að starfa með sveitarfélögum að innleiðingu stafræns pósthólfis án endurgjalds. Sambandið treystir á, að ef þess reynist þörf, verði hægt að fresta gildistöku t.d. ef kostnaður fer fram úr hófi og þarf að dreifast yfir lengri tíma eða ef Stafrænt Ísland nær ekki að tengja allar stofnanir ríkisins og sveitarfélög fyrir þann tíma.

Að lokum

Sambandið styður að frumvarpið verði að lögum með þeim fyrirvara að unnið sé náið með sveitarfélögum við innleiðingu þess og að svigrúm sé í rekstri sveitarfélaga til að standa undir kostnaði við innleiðingu, ef einhver kostnaður mun falla á sveitarfélög.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri